


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 1 af 2		
STÆF2LT05 fjarnám		
Námsáætlun vorönn 2017		

Kennari	Hermann Jón Tómasson	Sk.st.	HTÓ
----------------	----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Fjallað er um aðferðir til að greina töluleg gögn þannig að þær upplýsingar sem í þeim felast verði aðgengilegar. Fjallað er um tíðnitöflur, myndræna framsetningu upplýsinga, mælingar á miðsækni og dreifingu og um fylgni. Farið er yfir undirstöðuatriði talningafræði og líkindareiknings og kynntar aðferðir og reglur sem nýtast til að telja valkosti og leysa mismunandi líkindadæmi. Rætt er um tvíkostadreifingu og normlega dreifingu og notagildi þeirra. Í áfanganum er lögð áhersla á skipulögð vinnubrögð og nákvæmni í framsetningu við lausn verkefna í stærðfræði.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- helstu aðferðum lýsandi tölfræði
- fylgni
- grunndvallaratriðum talningafræði og beitingu talningareglna
- líkindareikningi og helstu líkindareglum
- tvíkostadreifingu og notkun hennar við lausn líkindadæma
- normlegri dreifingu

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita helstu aðferðum lýsandi tölfræði til að greina talnasöfn og gera grein fyrir niðurstöðunum
- reikna fylgni og útskýra niðurstöður fylgnireiknings
- beita algengustu talningareglum
- reikna líkindadæmi með aðstoð helstu líkindareglna
- reikna mismunandi dæmi tengd normlegri dreifingu
- nota töflureikni til að leysa verkefni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja og meta með gagnrýnum hætti tölfræðilegar upplýsingar í fjölmiðlum og fræðiritum
- vinna með skipulegum hætti úr tölulegum upplýsingum með aðferðum lýsandi tölfræði
- kynna og útskýra niðurstöður verkefna
- setja verkefni á mæltu máli fram á stærðfræðilegan hátt, leysa það og túlka lausnina

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambýkkt: SHJ		
Síða 2 af 2	STÆF2LT05 fjarnám	Námsáætlun vorönn 2017

Námsgögn:

Jón Þorvarðarson: Tölfræði 4. útgáfa (1991) eða nýrri

Áætlun um yfirferð:

Vika	Viðfangsefni	Lesefni	Skil verkefna
30.1.-5.2.	Tíðnidreifing	Bls. 11-29	
6.2.-12.2.	Myndræn framsetning upplýsinga	Bls. 31-54	Verkefni 1
13.2.-19.2.	Miðsækni	Bls. 55-70	Verkefni 2
20.2.-26.2.	Dreifing	Bls. 71-85	Verkefni 3
27.2.-5.3.	Líkindareikningur	Bls. 87-134	Verkefni 4
6.3.-12.3.	Líkindareikningur	Bls. 87-134	Verkefni 5
13.3.-19.3.	Líkindareikningur	Bls. 87-134	Verkefni 6
20.3.-26.3.	Líkindareikningur	Bls. 87-134	Heimapróf
27.3.-2.4.	Tvíliðadreifing	Bls. 135-143	Verkefni 7
3.4.-9.4.	Normaldreifing	Bls. 144-154	Verkefni 8
10.4.-16.4.	Páskaleyfi		
17.4.-23.4.	Úrtaksfræði	Bls. 155-172	Verkefni 9
24.4.-30.4.	Fylgnireikningur	Bls. 221-235	Verkefni 10

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Lokapróf	Próf úr öllu námsefninu		50%
Vikuverkefni	10 verkefni		40%
Heimapróf	Próf úr fyrri hluta námsefnisins á miðri önn		10%
	Samtals:		100%
Annað: Nemendur skulu ná að lágmarki 40% árangri á lokaprófi til að verkefnaeinkunn gildi.			

Dagsetning: 27. janúar 2017


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils